

Afgreiðsla og bókanir sveitarstjórna innan SSNE vegna Loftslagsstefnu Norðurlands eystra 2026

Minnisblað lagt fyrir stjórn SSNE

05. mars 2026

1. ATHUGASEMDIR FJALLABYGGÐAR

- **Varðandi orkuskipti bifreiða og rafvæðingu smærri og stærri tækja** liggur ekki fyrir mat á kostnaði við að ná þeim markmiðum sem sett eru fram innan tiltölulega þröngs tímamamma. Augljóslega fylgir þessum markmiðum einhver kostnaður sem þá hvert og eitt sveitarfélag verður að meta m.t.t. gerðar fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár.
- Markmið um **samninga og útboð** sem hvetja til orkuskipta geta jafnframt haft umtalsverðan kostnað í för með sér og aðstæður á hverjum stað, s.s. hjá verktökum sem sinna þjónustu við sveitarfélagið í snjómokstri, gatnaframkvæmdum, sorphirðu o.s.frv., eru afar mismunandi og möguleikar þessara verktaka geta verið takmarkaðir til endurnýjunar á tækjabúnaði með þröngum tímaramma.
- „**Viljandi villt**“ er markmið sem samræmist ekki í öllu áherslum um snyrtilegt umhverfi í sveitarfélaginu en á móti kemur fjárhagslegur sparnaður. Að fækka svæðum sem slegin eru um að lágmarki 30% samræmist ekki endilega áherslum um snyrtilegt umhverfi m.a. til þess að laða að ferðafólk.
- **Endurhönnun gatna fyrir götutré** verður a.m.k. í tilfelli Fjallabyggðar að taka tillit til aðstæðna í sveitarfélaginu og möguleikum m.a. á snjómokstri.

Bæjarráð Fjallabyggðar fagnar framkomnum drögum að Loftslagsstefnu Norðurlands eystra og telur stefnuna góðan leiðarvísi fyrir loftslagsstefnu hvers og eins sveitarfélags á svæðinu. Slík stefna verður þó að taka mið af auknum kostnaði á stuttum tíma og tímaramma sem raunhæft er að fara eftir.

Viðbrögð:

Varðandi orkuskipti bifreiða og rafvæðingu smærri og stærri tækja

Aðgerð 1 um orkuskipti bifreiða gerir ekki ráð fyrir auknum kostnaði fyrir sveitarfélög þar sem hún á einungis við þegar sveitarfélagið ákveður sjálfst að fara í endurnýjun eða kaup á nýrri fólksbifreið. Í mörgum tilfellum eru rafmagnsbílar ódýrari kostur en bensín- og díselbílar. Telji sveitarfélag hins vegar ekki mögulegt að kaupa rafmagnsbíl, er gert ráð fyrir að það sé heimilt, enda séu ástæður þess rökstuddar.

Aðgerð 2 um rafvæðingu smærri og stærri tækja gerir ekki ráð fyrir auknum kostnaði, þar sem einungis er átt við "nauðsynlega endurnýjun" á minni tækjabúnaði og að ávallt skuli skoða hvort rafknúnir valkostir séu í boði. Sé rafknúinn kostur ekki talinn raunhæfur, skal ástæða þess rökstudd.

Markmið um samninga og útboð sem hvetja til orkuskipta

Í tillögunni er gert ráð fyrir að verktakar fái aukastig í útboðum fyrir umhverfisþætti sem skilgreindir eru fyrir hvert verkefni, svo sem notkun bifreiða eða vinnuvéla sem nýta eingöngu umhverfisvæna orku. Um er að ræða hvatakerfi en ekki bindandi kröfur.

„Viljandi villt“

Takmarkaður faglegur grundvöllur er til að rökræða fagurfræðilegar áherslur, enda býr fegurðin í auga áhorfandans. Mikilvægt er þó að breytingar frá slegnum grassvæðum yfir í „viljandi villt“ séu unnar faglega og í samræmi við staðbundnar aðstæður hverju sinni. Sveitarfélög á Íslandi, á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu hafa stigið stór skref í þessa átt og undirritaðri er ekki kunnugt um að slík verkefni hafi almennt mætt verulegri óænægju eða verið snúið aftur til hefðbundins slegins grass.

Endurhönnun gatna fyrir götutré

Sjálfsgert er að taka tillit til staðbundinna aðstæðna, þar á meðal snjómoksturs, Við endurhönnun gatna. Gera má ráð fyrir að slíkt gildi jafnt fyrir önnur sveitarfélög á Norðurlandi eystra. Endurhönnun gatna getur jafnframt nýst til þess að skapa gróðurbeð fyrir blágrænar ofanvatnslausnir sem taka við ofanvatni og geta einnig hentað vel til snjósöfnunar. Reynsla Grundarfjarðar af slíkri útfærslu hefur verið afar jákvæð.

Að lokum:

Ekki er gert ráð fyrir verulegum auknum kostnaði í aðgerðum loftslagsstefnunnar og gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag geti aðlagð aðgerðirnar að staðbundnum aðstæðum hverju sinni. **Ekki eru lagðar til neinar breytingar á stefnunni eftir yfirferð athugasemda frá Fjallabyggð.**

2. BÓKUN LANGANESBYGGÐAR

„Sveitarstjórn fagnar því að fyrir liggja lokadrög að Loftslagsstefnu Norðurlands eystra og hefur ekki athugasemdir við efni hennar en kemur með eftirfarandi ábendingu: Í kaflanum Landnotkun er markmið 1 sett 50% árið 2028, það er fullkomlega óraunhæft, réttar væri að hafa það 2030 eða 2032. Samþykkt samhljóða.“

Viðbrögð:

Breyting á stefnunni.

Lagt er til að markmiði fyrir endurheimt votlendis á landi í eigu sveitarfélaga verði breytt úr **50% árið 2028 í 50% árið 2030.**

3. BÓKUN EYJAFJARÐARSVEITAR

Sveitarstjórn bendir á að mikilvægt sé að bæta við undirkafla um "Skóg- og skjólbeltarækt í dreifbýli" í umfjöllun um Landnotkun.

(Ástæðan var sú að hvergi í áætluninni er talað um eiginlega skógrækt. Einungis talað um mikilvægi þess að bæta í gróður innan þéttbýlis.)

Viðbrögð:

Breyting á stefnunni.

Lagt er til að aðgerð 4. „Svæðisáætlun fyrir landgræðslu, verndun votlendis og lífauðug vistkerfi sem binda kolefni“ verði endurskilgreind sem: *Svæðisáætlun fyrir landgræðslu, skógrækt og verndun vistkerfa.*

Undirtexti verði:

Greind verði þau tækifæri sem felast í sjálfbærri landnotkun innan sveitarfélaga í þágu loftslagsmála, með aukinni kolefnisbindingu í landgræðslu, skógrækt og endurheimt vistkerfa. Áhersla verði lögð á samdrátt í losun frá landi svo sem frá þurrkuðu votlendi en sérstaklega rofnu landi. Unnin verði hentugleikagreining sem verður grunnur að svæðisáætluninni og síðar stefnumörkun í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga eftir atvikum.

Lagt er til að minnisblaði þessu ásamt Loftslagsstefnu Norðurlands eystra 2026, með framlögðum breytingum, verði vísað til endanlegrar samþykktar árspings SSNE 2026 sem haldið verður þann 26.mars næstkomandi.

Virðingarfyllt,

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, verkefnastjóri SSNE.

Mars 2026

AFGREIÐSLA SVEITARFÉLAGA Á LOFTSLAGSSTEFNU NORÐURLANDS EYSTRA 2026

	Dægs.	1. Afgreiðsla	1. Bökun	2. Afgreiðsla	Dægs.	2. Bökun	3. Afgreiðsla	Dægs.
Akureyri								
	29 jan	Vísao áfram.	Beiðingá vísar einrithnu til umhverfis- og mannvirkjaáðs til umræðu og umsgagnar.	Lagt fram til umræðu í umhverfis- og mannvirkjaáð. Án athugasemda.	24. feb	Umhverfis- og dæmfylisráð gefir ekki athugasemdir við Framlögð drög að Loftslagsstefnu á starfsvæð, SSMV og leggur áherslu á að hún verði notð til hikaþónar við vinnslu fjárhagsáætlana næstu ára. Samþykkt samhljóða með tímm atkvæðum.	Fundargerð Umhverfis- og mannvirkjaáðs lögð fram til kynningar í sveitarstjórn. Án athugasemda.	3mar
Dalvíkurbyggð			Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að vísar ólangvarindum drögum að loftslagsstefnu til umhverfis- og dæmfylisráðs til umsgagnar.					
	29 jan	Vísao áfram.		Samþykkt umhverfis- og dæmfylisráði.	6 feb	Lagt fram í sveitarstjórn. Án athugasemda.		17. feb
Eyjafjarðarsveit								
	29 jan	Vísao áfram.						
Fjallabyggð			Lagt fram til kynningar í atkvinnu- og umhverfisráði.	Lagt fram. Með athugasemnd.	26. feb	Sveitarstjórn bendir á að mikilvægt sé að bæta við undirkeflla um "Skóg- og stjólveitarækt í sveitbyll" í umfjallun um Landhólkun. Ástæðan var sú að nvergi/ dætti umhni er teled um eiginlega skógrækt. Einnigis teled um mikilvægi þess að bæta í góðu í innvi þættfyllis.		
Grýtbakkahreppur			Lagt fram til kynningar í atkvinnu- og umhverfisráði.					
	26 jan	Samþykkt.	Lagt fram til kynningar og fulltíttu sveitarfélagsins í neihdinni þakkað sérstaklega fyrir gott starf.					
Hörgársveit			Athugasemdir er varða orkuskipti þilteða, samninga og útbók, viljandi vilt og endurhinn an gæma fyrir gæturé komið á framfæri. Stáðla 1 framir í skjali.					
	27 jan	Samþykkt.	Sveitarstjórn samþykkir stefnuna fyrir sitt leyri.					
Langanesbyggð			Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
	26 jan	Samþykkt.	Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
Norðurling			Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
	27 jan	Samþykkt.	Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
Svalbarðstrandarhreppur			Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
	27 jan	Samþykkt.	Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
Þingeyjar sveit			Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
	27 jan	Vísao áfram.	Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					
	12 feb	Samþykkt.	Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir yfir áranglu sinni með drögin og fær ekki athugasemdir við þau.					